

## Yfirlitsskýrsla aðsóknar í frístundaheimili og starfsmannaráðningar

Starfræktar eru sjö tómskundamiðstöðvar á vegum ÍTH. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómskundastarf fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára eftir að hefðbundnum skóladegi líkur til kl. 17:00 alla virka daga, óháð getu þroska eða fötlun en sérstök áhersla er lögð á að koma til móts við alla hópa.

### Starfsmenn

Til er líkan sem stuðst er við vegna fjölda starfsmanna á frístundaheimilum. Almennt er reiknað með að hver starfsmaður sjái um allt að 15 börn. Barn sem þarf stuðning, vegna fötlunar og sérþarfa er með stuðningsfulltrúa sér til aðstoðar og það er það algengast að barn þarf einn stuðningsfulltrúa en stundum deila tvö eða fleiri börn sama stuðningsfulltrúa. Stuðst er við umsókn foreldra þegar þessi þörf er metin auk þess sem upplýsingar frá skóla aðstoða okkur við að meta viðeigandi stuðning. Frístundaheimili getur verið rekið á einum eða fleiri stöðum í skólanum, jafnvel í opnum rýmum. Þegar stöðum fjölga þá þarf að fjölga starfsmönnum til að tryggja öryggi barna og starfseminnar.

Körlum hefur fækkað í starfsmannahópi frístundaheimila, hvort sem horft er á stjórnendur eða aðra starfsmenn (sjá nánar á töflu síðar í skýrslu)

Starfsmenn eru í dag 86 og vantar um 10 stuðningsfulltrúa og um 7 almenna starfsmenn á frístundaheimilin

### Aðsókn

Öll börn sem eru skráð eiga að komast inn og ekki er hámarksviðmið. Því er fjöldi barna breytilegur allt starfsárið og foreldrar geta óskað eftir breytingum á þjónustunni í hverjum mánuði og um hver mánaðarmót er brugðist við þeim óskum.

Fyrir byrjun hvers skólaárs er iðulega búið að ráða að mestu starfsmenn í takt við þann fjölda sem hefur sótt um vistunum á frístundaheimilið. Eftir að kennsla hefst fjölgaðar umsóknum umtalsvert og þá mynduðust biðlistar. Í kjölfarið þarf að ráða inn fleiri starfsmenn.

Í ár skráðu talsvert margir foreldrar börn sín eftir að skóli hófst. Mælingar sýna að vinsældir starfseminnar er að aukast. Árgangur 6 ára barna eru stærri nú en áður og færri umsóknir starfsmanna höfðu borist á við upphaf starfseminnar en auglýst var í allt sumar eftir starfsfólki. Vinnutími starfsmanna skólans liggur ekki fyrir en við deilum sumum starfsmönnum auk þess sem skólinn hefur sjálfur ekki ráðið í allar stöður við skólabyrjun. Talsvert af skólafólki starfar í frístundaheimilum og það hefur sjaldan fengið að vita stundaskrá sína fyrr en við upphaf skólagöngu þess.

Í fyrstu skólaviku voru um 250 börn að bíða eftir plássi. Talsverð umfjöllun fjölmiðla um þessa stöðu olli því að mikið barst í kjölfar hennar af umsóknum. Þann 5. sept. var staðan sú að um 20 börn biðu þess að komast inn og komust inn 15 þeirra þann 8. sept. Í dag á að vera búið að ráða í nægilega margar stöður þannig að ekkert barn á að bíða eftir að komast að,

nema að það hafi verið umsókn sem hefur borist á síðustu 2 vikum. Hinsvegar eru nokkur börn skráð en komast ekki inn vegna vanskila á gjöldum frá fyrra tímabili.

Talsverð fjölgun barna er á öllum stöðum í ár miðað við síðasta vetur sem þrengir að starfseminni þar sem húsnæðið gerir ekki ráð fyrir svo mörgum börnum á flestum stöðum. Á mörgum stöðum hefur verið hægt að leysa húsnæðismálin í samstarfi við skóla en lausnirnar eru flestar á þá leið að frístundaheimilin starfa á tveimur til þremur stöðum í skólanum því víða er skólinn einnig aðþrengdur. Í Áslandsskóla, Lækjarskóla og Hraunvallaskóla eru mestu þrengslin í dag.

Lykiltölur	Árið 2012	%	Árið 2013	%	2014	%
Heildarfjöldi starfsmanna hjá skrifstofu tómskundamála	150		136		86*	
- Fjöldi karla	67	45%	60	44%	27	
- Fjöldi kvenna	83	55%	76	56%	62	
Fjöldi verkefnastjóra tómskundamiðstöðva	7		7		7	
- Karlar í fullu starfi	3	43%	2	29%	1	14%
- Konur í fullu starfi	4	57%	5	71%	6	86%
Fjöldi starfsmanna í frístundaheimilum	106		80		86	
- Karlar í hlutastarfi eða tímavinnu	42	40%	29	36%	26	
- Konur í hlutastarfi eða tímavinnu	64	60%	51	64%	60	
- Stuðningsfulltrúar í hlutastarfi eða tímavinnu			30		22	
Fjöldi barna á frístundaheimilum nóvember	615		687		755	Sept.
- Strákar á frístundaheimilum			342	50%		
- Stelpur á frístundaheimilum			345	50%		
Fjöldi barna af erlendum uppruna í frístundaheimilum			46	7%		

\*ekki er búið að ráða inn starfsmenn félagsmiðstöðva þegar talið er og enn á eftir að ráða inn fleiri starfsmenn frístundaheimila

Geir Bjarnason og Andri Ómarsson